


# Verklag vegna lyfjaleitar í þvagi hjá börnum undir lögaldri



## Framkvæmd

Í samráði við Barnavernd skal velja stað, Heilsugæslustöðina/skólann eftir því hvað gagnast barninu betur.

- Best er að starfsmaður sé af sama kyni og barnið og helst að starfsmenn séu tveir.
- Heilbrigðisstarfsmaður fer með barninu inn á salernið til að tryggja að vatni eða öðru sýni sé ekki blandað út í þvagið.
- Barnið þvær sér um hendur og fer í hanska.
- Niðurstöður lyfjaleitar tilkynntar Barnavernd.

## Skráning

- Afgreiðsluseðill: skuldfærsla á einstaklinginn, greiðandi er viðkomandi sveitafélag þar sem barnaverndaryfirvöld standa straum af öllum kostnaði við lyfjaleit, skv. Barnaverndalögum. Börn sem eru ekki á vegum barnaverndar greiða rannsóknargjald.
- Samningur skal skannaður í sjúkraskrá barns.
- Samskiptaseðill, hafa skal eftirfarandi til viðmiðunar:  
Tílefni: Fíkniefnavandamál  
Greining: Hætta á eitrun - Vilji til sjálfseflingar  
Úlausn: Þátttaka í þverfaglegum fundum - Eftirlit - Heilbrigðisfræðsla - Stuðla að breyttu hátterni.

Ef foreldri/forráðamaður kemur sjálf með barnið til lyfjaleitar án samnings, skal framkvæma lyfjaleitina á heilsugæslustöð og þarf heilbrigðisstarfsmaður að upplýsa foreldri/forráðamenn um að jákvæð niðurstaða verður tilkynnt til barnaverndar.